

Ed. **446. Nefndarálit** [141. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Holt í Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og kynnt sér umsagnir, sem um það hafa verið gefnar, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að efri deild Alþingis fellst á það álit jarðeignadeildar ríkisins og landnámsstjóra, að samþykkt frv. sé andstæð hagsmunum ríkisins, ályktar deildin að vísa frv. frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 10. apríl 1969.

Steinþór Gestsson,
form., frsm.

Jón Þorsteinsson,
fundaskr.
Jón Árnason.

Jónas G. Rafnar.